

Reykjavíkurborg
Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri
Ráðhúsi Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Reykjavík, 15. janúar 2018

Efni: Sérstakar húsaleigubætur – Krafa um afturvirkar bætur

Hæstiréttur Íslands batt enda á margra ára deilu um framkvæmd Reykjavíkurborgar á sérstökum húsaleigubótum, með dómi í málinu nr. 728/2015 frá 16. júní 2016, það hvernig borgarstjórn hefur brugðist við er ÖBÍ mikil vonbrigði.

Dráttarvextir

Í fyrsta lagi er það fráleitt af hálfu borgarstjórnar að gera þá kröfu á alla þá sem krafist hafa bóta afturvirkir að þeir geri sérstaka kröfu um dráttarvexti. Ljóst er að allir þeir sem rétt eiga á afturvirkum bótum munu gera kröfu um dráttarvexti og því einfaldast og ódýrast fyrir Reykjavíkurborg að greiða öllum sem rétt eiga þá dráttarvexti án þess að til frekari bréfaskrifa þurfi að koma.

Um er að ræða vangoldnar bætur sem voru gjaldkræfar um hver mánaðamót. Sú ákvörðun borgarinnar að greiða ekki var ólögumæt og borginni ber að greiða vexti. Augljóst er að tjón einstaklinganna er ekki bætt með því að greiða einungis höfuðstól greiðslna sem átti að greiða fyrir mörgum mánuðum og jafnvel árum.

Fyrning

Í öðru lagi hefur túlkun borgarstjórnar á lögum nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda valdið vonbrigðum og nokkurri furðu. Er ekki annað að sjá af bréfum Reykjavíkurborgar en að sú ákvörðun hafi verið tekin að slíta 3. málslíð 6. gr. laganna úr öllu samhengi við fyrirmæli 6. gr. laganna og önnur ákvæði laganna. Í fyrsta málslíð 6. gr. kemur skýrt fram að greiðslur sem þar falla undir fyrnist á 10 árum. Meginreglan er þannig að krafa um sérstakar húsaleigubætur fyrnist á 10 árum. Borgin virðist aftur á móti byggja á því að synjun á að greiða réttar bætur til fjölmargra einstaklinga hafi skapað borginni rétt til að líta svo á að kröfur hafi fyrnst á 4 árum.

Í þessu samhengi er rétt að benda borgarstjórn á það að þrátt fyrir ítrekaðar athugasemdir Öryrkjabandalags Íslands (ÖBÍ), allt frá árinu 2009, og álit samgöngu- og sveitarstjórnaráðuneytisins frá 18. október 2010 um óréttmæti reglna Reykjavíkur, sem mismunuðu íbúum borgarinnar, þurfti dóm Hæstaréttar Íslands til að borgarstjórn féllist á skyldur sínar skv. stjórnarsýslulögum og stjórnarskrá. Í ljósi þessarar forsögu vekur því vissulega nokkra undrun að borgarstjórn telji sér lagalega og siðferðilega rétt að byggja á

fyrningu gagnvart umbjóðendum ÖBÍ í þessu máli. Minnir afgreiðsla borgarstjórnar undirritaða meira á afgreiðslu ákveðinna fjármálafyrirtækja sem störfuðu í skjóli vogunarsjóða eftir Hrunið, og höfðu engar siðferðilegar skyldur gagnvart viðskiptamönnum sínum, frekar en borgarstjórn sem kennir sig velferð.


Sannanlega sótt um bætur

Í Bréfi borgarstjóra til ÖBÍ dags. 30. nóvember segir að borgarstjórn telji aðeins þá sem sannanlega sóttu um bætur geti átt rétt á þeim bóttum frá þeim tíma sem þeir sóttu um. Þessu hafnar ÖBÍ enda þekkjum við mörg dæmi þess að umbjóðendum bandalagsins hafi verið snúið við af starfsfólki borgarinnar þegar þeir hafi reynt að sækja skriflega um sérstakar húsnæðisbætur. Þá var það opinber stefna borgarinnar allt fram að dómi Hæstaréttar í júní 2016 að leigjendur hjá Brynju hússjóði ættu ekki rétt á sérstökum húsaleigubóttum. Af því leiddi bæði að starfsfólk borgarinnar ráðlagði umbjóðendum okkar frá því að sækja um bæturnar auk þess sem fólk sækir almennt ekki um það sem það veit að því verður synjað um. Veittu starfsmenn borgarinnar því umbjóðendum okkar rangar og villandi upplýsingar, þvert á skyldur þeirra skv. stjórnarsýslulögum og komu þannig í veg fyrir að umbjóðendur okkar sæktu formlega um sérstakar húsnæðisbætur sem þeir þó sannanlega áttu rétt á.

Af þessum sökum telur ÖBÍ því engan veginn hægt að fallast á það með borgarstjórn að aðeins þeir sem hafi sannanlega sótt um eigi rétt á afturvirkum bóttum og þá aðeins frá þeim tíma sem sótt var um. Feli slíkt augljóslega í sér afar slæma stjórnarsýslu enda getur það aldrei verið réttlát niðurstaða að borgarstjórn sem brýtur lög, hagnist á því á kostnað brotþola sem í þessu tilfelli eru öryrkjar sem búa margir við afar slæm kjör.

Vill ÖBÍ því biðla til borgarstjórnar að hún líti sér nær og reyni ekki að bera fyrir sig lagatæknilega útúrsnúninga sem ekki hæfa virðingu þeirra sem í borgarstjórn sitja. ÖBÍ hefur þurft að berjast við borgarstjórn í þessu máli núna í rúm átta ár og taldi að dómur Hæstaréttar frá því í júní 2016 hefði leyst úr málinu enda dómurinn skýr. Því miður virðist hinsvegar vera að koma í ljós að borgarstjórn telur sig geta snúið út úr dómi Hæstaréttar þannig að mögulega verði að höfða annað dómsmál til að fá endanlega lausn í málið. ÖBÍ telur í það minnsta rétt að upplýsa borgarstjórn um það að bandalagið mun beita öllum þeim ráðum sem það hefur til að ná fram rétti umbjóðenda sinna í þessu máli.

Virðingarfyllst



Þuríður Harpa Sigurðardóttir formaður ÖBÍ

Afrit sent:

Ingi B. Poulsen, umboðsmaður borgarbúa

Velferðarráðuneytið - réttindavaktin